



Kynningarbréf fyrir vísindarannsóknina:

Algengi meiðsla hjá knattspyrnukonum í efstu deild á Íslandi

Ábyrgðarmaður og leiðbeinandi:

Dr. Árni Árnason dósent við sjúkraþjálfunarskor, Læknadeild, Háskóli Íslands
Skógarhlíð 10
105 Reykjavík
S: 525 4007, Netfang: arnarna@hi.is

Meistaránámsnemi:

Þórður Magnússon
löggiltur sjúkraþjálfari
Sjúkraþjálfun Kópavogs
Hamraborg 12, 200 Kópavogur
S: 693 0128
Netfang: thmagnus@simnet.is

Meistaránámsnefnd:

Dr. Med. Sveinbjörn Brandsson
Læknastöðin Orkuhúsinu
Dr. Þórarinn Sveinsson
Sjúkraþjálfunarskor, Læknadeild, H.Í.

Markmið þessarar rannsóknar er að rannsaka algengi meiðsla hjá knattspyrnukonum í efstu deild á Íslandi.

Rannsóknartími er frá byrjun janúar 2007 og fram í september 2007.

Þátttakendur: Leikmenn allra þeirra átta liða sem þátt taka í keppni efstu deildar verður boðin þátttaka í rannsókninni. Allir leikmenn sem taka þátt í æfingum og / eða leikjum þessara liða eru gjaldgengir í rannsókninni.

Í upphafi rannsóknar þarf hver þátttakandi að undirrita yfirlýsingu um upplýst samþykki varðandi þátttöku í rannsókninni. Því næst þarf að svara stuttum spurningalista um nokkur grunn atriði sem tengjast þeirra knattspyrnuviðkomum. Spurt er um aldur, hæð, þyngd, leikstöðu, fjölda leikja í efstu deild, fjölda leikja með landsliðum og um fyrri meiðsli. Yfir rannsóknartímamann þarf leikmaður og heilbrigðisstarfsmaður að skrá öll atvik á sérstök eyðublöð sem leiða til þess að leikmaður getur ekki tekið þátt í æfingum eða leikjum. Þar er spurt m.a. um staðsetningu meiðsla, við hvaða aðstæður meiðslin urðu og hvenær leikmaður hóf aftur æfingar að fullu. Þjálfari eða annar ábyrgðarmaður hjá hverju liði þarf einnig að skrá þann tíma sem hver og einn leikmaður tekur þátt í knattspyrnuviðkomum, æfingum eða leikjum, á sérstök eyðublöð. Rannsakendur fá og upplýsingar um leiktíma hverrar knattspyrnukonu af vef KSÍ, www.ksi.is.

Helsti ávinningur af rannsókn sem þessari er vitneskjan um hversu tíð meiðsli eru í knattspyrnu kvenna með tilliti til leikja- og æfingasóknar. Einnig verður hægt að sjá hvaða meiðsli eru algengust og hversu lengi leikmenn eru frá vegna þessara meiðsla. Þær upplýsingar er síðan hægt að nota við skipulagningu á forvörnum knattspyrnumeiðsla.

Rannsóknin hefur verið samþykkt af Vísindasiðanefnd og tilkynnt Persónuvernd. Þátttakendum er heimilt að hætta í rannsókninni á hvaða stigi sem er, án útskýringa eða nokkurra afleiðinga.

Ábyrgðarmaður: Dr. Árni Árnason

Meistaránámsnemi: Þórður Magnússon

Ef þú hefur spurningar um rétt þinn sem þátttakandi í vísindarannsókn eða vilt hætta þátttöku í rannsókninni getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Vegmúla 3, 108 Reykjavík, Sími: 551-7100, fax: 551-1444.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

RANNSÓKNARSTOFA Í HREYFIVÍSINDUM

UPPLÝST SAMÞYKKI VEGNA VÍSINDARANNSÓKNARINNAR:

ALGENGI MEIÐSLA Í KNATTSPYRNU KVENNA, EFSTA DEILD Á ÍSLANDI

Rannsóknin er hluti af Meistaraverkefni við Læknadeild Háskóla Íslands. Meistaránámsneminn er Þórður Magnússon löggiltur sjúkraþjálfari, Sjúkraþjálfun Kópavogs, Hamraborg 12, 200 Kópavogur, Sími 6930128, netfang thmagnus@simnet.is

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna algengi meiðsla í knattspyrnu kvenna í efstu deild á Íslandi.

Þátttaka í rannsókninni felst í eftirfarandi:

1. Að lesa vel Kynningarbréf fyrir vísindarannsóknina: *Algengi meiðsla í knattspyrnu kvenna, efsta deild á Íslandi*. og staðfesta þátttöku með því að undirrita þessa yfirlýsingu um upplýst samþykki
2. Að fylla út í upphafi rannsóknar stuttan spurningalista um nokkur grunn atriði sem tengjast þinni knattspyrnuíðkun. Þátttandi getur neitað að svara einstökum spurningum eða ræða einstök efnisatriði.
3. Að fylla út sérstakt eyðublað ef þú meiðist og getur ekki tekið þátt í æfingu eða leik. Þar er spurt um hvenær meiðslin áttu sér stað, hvaða líkamshluti meiddist og hvernig, fyrri samskonar meiðsli og á hvernig velli meiðslin urðu.
4. Að koma eyðublöðum til skila til rannsóknaraðila, þátttakanda að kostnaðarlausu.

Undirritun samþykkis er skilyrði fyrir þátttöku. Þér ber engin skylda til að taka þátt í þessari vísindarannsókn. Þú getur hætt þátttöku hvenær sem er án eftirmála.

Farin verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál, unnið verður úr öllum niðurstöðum þannig að ekki sé hægt að rekja upplýsingar til þátttakanda. Stefnt er að birtingu á niðurstöðum rannsóknarinnar í fag tímaritum á sviði íþróttá og endurhæfingar.

Mér hefur verið kynntur tilgangur þessarar vísindarannsóknar og í hverju þátttaka mín er fólgin. Með undirskrift minni samþykki ég þátttöku í þessari rannsókn.

Dags.

Þátttakandi

Forráðamaður ef yngri en 18 ára

Meistaránámsnemi:

Þórður Magnússon sjúkraþjálfari

Ef þú hefur spurningar um rétt þinn sem þátttakandi í vísindarannsókn eða vilt hætta þátttöku í rannsókninni getur þú snúið þér til Vísindasiðanefndar, Vegmúla 3, 108 Reykjavík, Sími: 551-7100, fax: 551-1444.